

Ed.

800. Frumvarp til laga

[193. mál]

um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnnum utan Reykjavíkur er heimilt frá 15. okt. 1955 að semja við eitt váttryggingarfélag eða fleiri um brunatryggingar á þeim húseignum í umdæmi sínu, sem tryggingarskyldar eru samkv. 2. gr.

Tekjur váttryggingarfélags af starfsemi samkvæmt samningi um slíkar tryggingar eru undanþegnar sköttum til bæjar- og sveitarsjóðs og ríkissjóðs.

2. gr.

Skýlt er að tryggja gegn eldsvoða hjá þeim, sem brunatryggingar annast samkv. 1. gr., allar húseignir utan Reykjavíkur, nema gripahús, hlóður og geymsluhús á sveitabæjum, enda séu þau ekki áföst íbúðarhúsum, svo að þau megi teljast vera í óaðgreinanlegri brunahættu með þeim. Hús í smíðum skal einnig tryggja, og fer um tryggingarupphæð þeirra á hverjum tíma eftir samkomulagi milli eiganda og váttryggingarfélagsins.

3. gr.

Váttryggingarupphæð húsa, sem lög þessi ná til, annarra en húsa í smíðum, skal nema fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna. Bæjar- eða sveitarstjórn hver skal hafa eftirlit með virðingargerðum húsa í umdæmi sínu, og ber hún á hverjum tíma ábyrgð á, að váttryggingum sé haldið við og ný hús metin og váttryggð þegar eftir að byggingu þeirra er lokið eða þau tekin til íbúðar.

Breyta skal árlega váttryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar.

4. gr.

Iðgjöld af húseignum í skyldutryggingu hvíla sem lögveð á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem á þeim hvíla, nema sköttum til ríkissjóðs.

Séu gjöldin eigi greidd innan sex mánaða frá gjalddaga, er heimilt að láta selja hina váttryggðu eign á uppboði, án undanfarins dóms, sáttar eða lögtaks, en tilkynna skal váttryggjanda í ábyrgðarbréfi eða á annan öruggan hátt, að sölu hafi verið beiðzt. Á sama hátt skal uppboðshaldari aðvara eiganda með tveggja vikna fyrirvara, áður en hann sendir söluauglýsingu til birtingar.

Uppboðið skal auglýst einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Má sala ekki fara fram fyrr en 6 vikum eftir birtingu auglýsingarinnar.

Virðingargjöld má heimta með lögtaki.

5. gr.

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu fimm manna nefnd til þess að endurskoða lög um Brunabótafélag Íslands og önnur lagafyrirmæli um brunamál utan Reykjavíkur. Nefndin kýs sér formann og skal í starfi sínu hafa samráð við forstjóra Brunabótafélags Íslands. Nefndin skal ljúka störfum það snemma, að unnt verði að leggja frv. um þetta efni fyrir næsta reglulegt Alþingi.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.